

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Hvamms og Dagverðarness í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 27. september 2017 breytingar á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

*Frístundabyggð í Hvammsskógum neðri.*

Breytingin felur í sér sameiningu lóða Hvammsskóga 9 og 11.

*Frístundabyggð í Dagverðarnessi, svæði 6.*

Breytingin felur í sér breytingar á lóð Dagverðarness 52 er varðar breytta skilmála um fjölda bygginga á lóð og stærð gestahúss.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 24. október 2017,*

**Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir** skipulagsfulltrúi.